



Jafnréttisáætlun Vopnafjarðarhrepps

# Aðgerðaáætlun í jafnréttismálum

2023–2026



# Jafnréttisstefna

**Jafnréttisstefna Vopnafjarðarhrepps er unnin í samræmi við íslensk lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög nr. 151/2020 um stjórnýslu jafnréttismála og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum sem undirritaður var árið 2008.**

Með jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun einsetur Vopnafjarðarhreppur sér að vinna markvisst að auknu jafnrétti. Íbúar Vopnafjarðarhrepps skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum, kyntjáningu eða annarrar stöðu. Vopnafjarðarhreppur vinnur að jöfnum áhrifum og tækifærum íbúa á vettvangi sveitarfélagsins og vinnur markvisst gegn mismunun. Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun Vopnafjarðarhrepps ná til stjórnýslu sveitarfélagsins, starfsfólks þess og allrar starfsemi og þjónustu sem veitt er á vegum stofnana sveitarfélagsins.

# Jafnréttisáætlun

Í jafnréttisáætlun Vopnafjarðarhrepps eru markmið sveitarfélagsins í jafnréttismálum skilgreind, tilgreint hvernig skal unnið að þeim og hver ber ábyrgð á aðgerðum. Áætlunin skiptist í fjóra hluta;

**Hluti 1: Vopnafjarðarhreppur sem stjórnvald**

**Hluti 2: Vopnafjarðahreppur sem vinnuveitandi**

**Hluti 3: Vopnafjarðarhreppur sem þjónustuveitandi**

**Hluti 4: Eftirfylgni áætlunar**

Undir hverjum hluta eru sett fram markmið til þess að ná auknu jafnrétti í sveitarfélaginu, með vísan í þær greinar jafnréttislaga sem verið er að uppfylla. Undir hverju markmiði eru tilgreindar aðgerðir, hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra og hvenær ber að útfæra þær. Jafnréttisáætlunin er yfirfarin a.m.k. árlega í hreppsráði og endurskoðuð eftir þörfum.

## Hluti 1

# Vopnafjarðarhreppur sem stjórnvald

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að kynjahlutfall í nefndum, ráðum og stjórnnum sé í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. <i>Sjá: 28. gr. laga nr. 150/2020</i>	Taka saman upplýsingar um hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum	Hreppsráð	Lokið fyrir apríl 2023
	Leiðréttu ef kynjahlutfallið uppfyllir ekki 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. (Gæta að hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða)	Hreppsráð	Lokið fyrir apríl 2023

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Kyngreindar upplýsingar um Vopnafjarðarhrepp séu aðgengilegar. <i>Sjá: 29. gr. laga nr. 150/2020</i>	Við söfnun, úrvinnslu og birtingu gagna skal kyngreina upplýsingar nema ef sérstakar ástæður mæli gegn því	Skrifstofu- fulltrúi	Yfirfarið í desember ár hvert

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Stuðlað sé að jafnrétti og jafnri meðferð við ráðstöfun fjármagns Vopnafjarðarhrepps <i>Sjá: 13. gr. laga nr. 151/2020</i>	Utanaðkomandi aðilum sem fá beina styrki til starfa frá sveitarfélaginu skulu vera gerð sú krafa að gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að samþættingu kynja-sjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum sínum (Í gegnum samning)	Hreppsráð	Alltaf þegar gerðir eru samningar um styrki til utanaðkomandi aðila
	Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins skal fjalla sérstaklega um það hvernig unnið sé að auknu jafnrétti innan sveitarfélagsins	Fjármáladeild	Árlega í fjárhagsáætlun

## Hluti 2

# Vopnafjarðarhreppur sem vinnuveitandi

## Launajafnrétti

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að konur og karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá, fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf <i>Sjá: 6.-8. gr. laga nr. 150/2020 og 9. gr. laga nr. 86/2018</i>	Launagreining þar sem kannað er hvort konur og karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá, fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf	Skrifstofu- fulltrúi, launafulltrúi	Lokið í október ár hvert
	Komi í ljós óútskýrður munur á launakjörum skal sá munur leiðréttur	Skrifstofu- fulltrúi, launafulltrúi	Lokið í desember ár hvert
	Starfrækja stefnu í jafnlaunamálum	Skrifstofu- fulltrúi, launafulltrúi	Lokið í desember 2023
	Jafnlaunavottun endurnýjuð	Skrifstofu- fulltrúi	Lokið í desember 2023



## Ráðningar

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standi öllum opin óháð kyni, kynþætti, þjóðernis- uppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kyn- hneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningar.	Í starfsauglýsingum sé hvatning til einstaklinga óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenna eða kyntjáningar að sækja um	Sveitarstjóri/ Skrifstofu- fulltrúi	Alltaf þegar starf er laust til umsóknar
Auka fjölbreytileika starfshópsins <i>Sjá 8. gr. laga nr. 86/2018</i>	Skráning haldin yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar eftir kyni og aldri	Skrifstofu- fulltrúi, launafulltrúi	Uppfært ár hvert í október
	Samantekt á samsetningu starfsmannahópsins eftir kyni og aldri	Skrifstofu- fulltrúi, launafulltrúi	Uppfært ár hvert í október

## Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsfólki gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu, óháð kyni <i>Sjá: 13. gr. laga nr. 150/2020</i>	Spurt um tækifæri til þess/ánægju með að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf í vinnustaðagreiningu. Ath. svör þurfa að vera kyngreinanleg	Sveitarstjóri	Annað hvert ár með vinnustaðagreiningu
	Komi í ljós erfiðleikar í samræmingu einkalífs, fjölskylduábyrgðar og starfs á ákveðnum starfsstöðum verði leitað þess að finna ástæður og bregðast við	Sveitarstjóri	Tilfallandi
	Öllu nýju starfsfólki kynnt þann rétt sem þau eiga varðandi foreldra- og fæðingarorlof og leyfi vegna veikinda barna við ráðningu, óháð kyni	Stjórnendur	Alltaf við ráðningu nýs starfsfólks

## Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni sé ekki liðin á vinnustöðum sveitarfélagsins <i>Sjá: 14. gr. laga nr. 150/2020 og reglugerð félagsmálaráðuneytisins nr. 1009/2015</i>	Skrifleg viðbragðsáætlun um það hvernig tekið er á málum ef upp kemur kynferðislegt ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni	Hreppsráð	Lokið fyrir apríl 2023
Stjórnendur og starfsfólk sé upplýst um viðbragðsáætlun gegn kynferðislegu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni með reglubundnum hætti <i>Sjá: 14. gr. laga nr. 150/2020 og reglugerð félagsmálaráðuneytisins nr. 1009/2015</i>	Viðbragðsáætlunin gerð aðgengileg á innri og ytri vef sveitarfélagsins	Sveitarstjóri/ Skrifstofu- fulltrúi	Lokið fyrir apríl 2023
	Kynning á aðgerðaráætluninni hluti af árlegri stjórnendafræðslu	Sveitarstjóri/ Skrifstofu- fulltrúi	Lokið í desember ár hvert
	Viðbragðsáætlunin kynnt fyrir öllu nýju starfsfólki við ráðningu	Stjórnendur	Alltaf við ráðningu nýs starfsfólks

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Uppræta skaðlega vinnustaðamenningu og tryggja það að hægt sé að framfylgja viðbragðsáætlun gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni <i>Sjá: 14. gr. laga nr. 150/2020</i>	Spurt um reynslu starfsfólks af viðbragðsáætluninni í vinnustaðagreiningu. Ath. svör þurfa að vera kyngreinanleg	Sveitarstjóri/ Skrifstofu- fulltrúi	Annað hvert ár með vinnustaðagreiningu
	Komi í ljós hindranir við framkvæmd viðbragðsáætlun verði leitað þess að finna ástæður og bregðast við	Sveitarstjóri/ Skrifstofu- fulltrúi	Tilfallandi

## Fræðsla (um jafnréttismál)

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Auka þekkingu stjórnenda og starfsfólks á jafnréttismálum <i>Sjá: 13. gr. laga nr. 151/2020</i>	Regluleg námskeið um jafnréttismál með fjölbreyttum áherslum út frá mismunandi sjónarmiðum	Sveitarstjóri og stjórnendur	Yfirfarið í desember ár hvert
Uppræta skaðlega vinnustaðamenningu <i>Sjá: 13. gr. laga nr. 151/2020 og 14. gr. laga nr. 150/2020</i>	Reglubundin fræðsla fyrir stjórnendur og starfsfólk um kynbundið ofbeldi, kynbundið áreitni og kynferðislega áreitni	Sveitarstjóri og stjórnendur	Yfirfarið í desember ár hvert
Auka aðgengi starfsfólks af erlendum uppruna að íslenskukennslu <i>Sjá: Lög nr. 86/2018</i>	Allt starfsfólk sem ekki hefur íslensku að móðurmáli hafi aðgang að íslensku kennslu og sé upplýst um það við ráðningu	Sveitarstjóri/ Skrifstofu- fulltrúi	Tilfallandi



### Hluti 3

## Vopnafjarðarhreppur sem þjónustuveitandi

### Kynrænt sjálfræði

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir mismunun gegn einstaklingum með hlutlausa kynskráningu sem sækja þjónustu sveitarfélagsins <i>Sjá: 6. gr. laga nr. 80/2019 og 16. gr. laga nr. 150/2020</i>	Öll eyðublöð og skráningarform á vegum sveitarfélagsins yfirfarin og tryggt að til staðar sé valmöguleiki um hlutlausa kynskráningu	Skrifstofu- fulltrúi	Lokið fyrir júlí 2023

### Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Unnið sé að kynja- og jafnréttissjónarmiðum á öllum sviðum. <i>Sjá: 13. gr. laga nr. 151/2020</i>	Hver nefnd sveitarfélagsins skilgreini eitt samþættingarverkefni til að stuðla að auknu jafnrétti á sínu sviði	Formenn fagráða og stjórnendur	Yfirfarið í september ár hvert

### Menntun og skólastarf

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða sé gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólum sveitarfélagsins þar á meðal á frístundaheimilum og í íþrótt- og æskulýðsstarfi <i>Sjá: 10. gr. laga nr. 85/2018 og 15. gr. laga nr. 150/2020</i>	Skólar og frístundaheimili sveitarfélagsins setji sér aðgerðaráætlun í jafnréttismálum í samræmi við 15. gr. laga nr. 150/2020	Skólastjórn- endur og verkefnastjóri æskulýðs- og fjölmennings- mála	Lokið fyrir september 2023

## Íþróttir og tómstundir

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Stuðlað að jafnrétti og jafnri meðferð við ráðstöfun fjármagns sveitarfélagsins. <i>Sjá: 15. og 21. gr. laga nr. 150/2020 og 13. gr. laga nr. 151/2020</i>	Allir samningar sveitarfélagsins við íþróttafélög geri kröfu um virka jafnréttisáætlun og sérstaka viðbragðsáætlun gegn kynbundnu áreitni	Fjölskylduráð	Lokið fyrir ágúst 2023
	Kanna hvort íþróttafélög séu með virkar jafnréttisáætlanir og bregðast við ef hana vantar	Fjölskylduráð	Lokið fyrir ágúst 2023

## Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni sé ekki liðin í þjónustu sveitarfélagsins <i>Sjá: 13. gr. laga nr. 151/2020 og 14. gr. laga nr. 150/2020</i>	Viðbragsáætlun sveitarfélagsins gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni taki mið af þjónustuþegum sveitarfélagsins	Skrifstofu-fulltrúi	Lokið fyrir apríl 2022

## Hluti 4

# Endurskoðun áætlunar

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að jafnréttisáætlunin skili tilætlunum árangri og sé í sífelldri þróun eins og önnur stefnumótun Sjá: 13. gr. laga nr. 151/2020	Jafnréttisáætlun rædd a.m.k. árlega í sveitarstjórn	Sveitarstjórn og hreppsráð	Í mars ár hvert
	Fara yfir verkefni áætlunarinnar með stjórnendum/sviðstjórum og skoða hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara	Hreppsráð	Í mars ár hvert
	Áætlunin endurskoðuð og uppfærð í samræmi við árlega yfirferð	Hreppsráð	Í mars ár hvert

Samþykkt á 16. fundi sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps, þann. 15. júní 2023.



## Vopnafjarðarhreppur

Hamrahlíð 15  
690 Vopnafjörður

+354 473 1300  
skrifstofa@vfh.is

[www.vfh.is](http://www.vfh.is)